

**Ed. 543. Frumvarp til laga [195. mál]**

um breyting á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

**1. gr.**

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður og ný málsgrein, svo hljóðandi:

6. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 75 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

Framleiðslufélagi því, sem um ræðir í grein þessari, skal heimilt að veita sölufélagi samkv. 6. gr. laga þessara einkarétt til útflutnings og sölu erlendis á framleiðslu verksmiðjunnar um tiltekinn tíma, eftir því sem um kann að semjast milli stofnenda framleiðslufélagsins.

**2. gr.**

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Um hlutafjárframlag ríkisins til undirbúningsfélagsins skal heimilt að beita 1. tölulið 1. gr., enda verði framlagið endurgreitt ríkissjóði við stofnun framleiðslufélagsins með hlutabréfum í framleiðslufélaginu eða skuldabréfum þess, er að nafnverði samsvari hlutafjáreign ríkissjóðs í undirbúningsfélaginu, sem þá verði slitið.

**3. gr.**

4. gr. laganna orðist svo:

Fjöldi stofnenda hlutafélaga samkv. 1. og 2. gr. laga þessara skal vera óháður ákvæði 1. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Sama máli gegnir um hluthafa þess, að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna.

Íslenzka ríkinu, og hinum erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, skal heimilt að vera fullgildir stofnendur framleiðslufélags skv. 1. gr. laganna.

Fulltrúar hins erlenda aðila í stjórn framleiðslufélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis. Stjórn félagsins skal þó jafnan skipuð hérlandis búsettum mönnum að meiri hluta. Stjórnendur framleiðslufélagsins þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnendum skal heimilt að fela öðrum að sækja stjórnarfundum af sinni hálfu með fullu umboði.

Fulltrúar ríkisins í stjórn framleiðslufélagsins og varamenn þeirra skulu kosnir á Alþingi til 4 ára í senn.

Ríkisstjórnin skal bjóða sveitarfélögum á Norðurlandi til kaups hluta af þeim hlutabréfum í framleiðslufélaginu, sem ríkisstjórnin skráir sig fyrir, með þeim skilmálum, sem hún ákveður.

#### 4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Þeim erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, skal heimilt að stofna hlutafélag á Íslandi til að annast útflutning og sölu erlendis á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar, með þeim skilmálum, sem um verður samið við ríkisstjórnina.

Hinum erlenda aðila heimilast að vera fullgildur stofnandi sölufélags samkvæmt grein þessari, án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, og skal fjöldi hluthafa félagsins óháður ákvæðum 38. gr. þeirra laga. Enn fremur skulu ákvæði 2. tölulíðs 3. gr., 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. í lögum þessum gilda um slíkt félag.

#### 5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning innan marka þessara laga við erlenda aðila um samvinnu um framleiðslu og sölu kísilgúrs frá verksmiðjunni og kveða þar á um þær skuldbindingar af sinni hálfu og hins erlenda aðila, sem telja má nauðsynlegar og eðlilegar í sambandi við samaðild þeirra að framleiðslufélaginu og varðandi útflutning og sölu á framleiðslu þess, þar með talin þau málafni, sem 9. gr. þessara laga fjallar um.

#### 6. gr.

9. gr. laganna verði 11. gr., en á eftir 8. gr. komi ný grein, er verði 9. gr., og orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélag samkv. 1. gr. annars vegar og sölufélag samkv. 6. gr. hins vegar greiði hvort um sig einn tekjuskatt í stað annarra skatta, venjulegra eða sérstakra, sem á eru lagðir samkvæmt lögum, þann tíma, sem samningurinn tiltekur, og nemi skattur þessi 45% af skattskyldum tekjum félaganna. Að því er framleiðslufélagið varðar er heimilt að kveða svo á, að skattur þessi fari eigi niður úr tilteknu marki fyrir hvert skattár án tillits til tekna. Skattskyldar tekjur félaganna er heimilt að reikna samkvæmt lögum nr. 90/1965, þó þannig, að ákvæði 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna gildi eigi við ákvörðun þeirra. Varðandi ákvörðun skattskyldra tekna sölufélagsins má kveða svo á, að eigi verði annar kostnaður talinn til frádráttar en beinn kostnaður þess hér á landi.

Ríkisstjórninni er og heimilt að kveða svo á með samningi við hinn erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, að því er varðar þóknun fyrir tækni- og stjórnunaraðstoð, er hann kynni að veita framleiðslufélaginu við rekstur verksmiðjunnar, að hann greiði af slíkri þóknun einn tekjuskatt, er nemi 45% af umræddri þóknun, án þess að nokkur kostnaður komi

henni til frádráttar við álagningu hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða á sama hátt, að eigi skuli skattleggja hlutafjareign hins erlenda aðila í framleiðslufélaginu og sölufélaginu eða arð af henni, höfuðstól og vexti af lánum hins erlenda aðila til framleiðslufélagsins eða sölufélagsins og greiðslur erlenda aðilans inn á viðskiptareikning sölufélagsins. Hið sama á við um hlutafé og arð annarra erlendra hluthafa í félögum þessum, ef einhverjir yrðu.

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélagi samkv. 1. gr., sölufélagi samkv. 6. gr. og hinum erlenda aðila skuli eigi skylt að greiða hér á landi, umfram tekjuskatt þann, sem að framan greinir, aðra skatta en þá, sem hér segir:

1. Almenn stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og önnur skráningargjöld.
2. Ókutækja- og vegaskatta, sem almennt eru á lagðir.
3. Skoðunargjöld og leyfisgjöld, sem almennt eru á lögð.
4. Félagsleg gjöld, sem íslenskum atvinnurekendum ber almennt að greiða, svo sem lifeyrisiðgjöld til almannatrygginga, slysatryggingagjöld, atvinnuleysis-tryggingagjöld og launaskatt.
5. Innlandan söluskatt samkvæmt lögum nr. 10/1960 og hliðstæða skatta, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar og 5. tölulið 1. gr.
6. Skatta, sem í eðli sínu eru þóknun fyrir þjónustu við aðilana, þar með talið iðnaðarrannsóknargjald lagt á framleiðslufélagið eins og nú er samkvæmt lögum nr. 64/1965.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að innflutningur framleiðslufélagsins á umbúðum eða efni, sem endurútlutt er frá verksmiðjunni, og útflutningur á framleiðslu hennar og þær sölu, sem fram fara af hálfu framleiðslufélagsins og sölufélagsins sem þáttur í þeim útflutningi, skuli eigi háð aðflutnings- eða útflutningstollum, né heldur sköttum samkv. 5. tölulið 3. mgr.

Skattar þeir og gjöld, sem um ræðir í grein þessari, álagning þeirra, greiðsla og innheimta, skulu háð nánari ákvæðum þeirra samninga, sem ríkisstjórnin gerir við hlutaðeigandi aðila.

Þar til gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við það eða þau ríki, þar sem viðkomandi starfsmenn eru búsettir, er ríkisstjórninni heimilt að heita ákvæðum tillagna Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) að milliríkjasamþykkt um tvísköttun, að því er varðar skattlagningu á greiðslum, sem inntar yrðu af hendi af aðilum búsettum utan Íslands til starfsmanna, sem hinn erlendi aðili hefur látið sölufélaginu eða framleiðslufélaginu í té við rekstur þeirra hér á landi.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita framleiðslufélagi samkv. 1. gr., sölufélagi samkv. 6. gr. og hinum erlenda aðila þau leyfi, sem nauðsynleg eru til starfsemi þeirra hér á landi varðandi framleiðslu og sölu á kísilgúr. Ríkisstjórninni skal heimilt að gefa út verzlunarleyfi til sölufélagsins, eftir því sem tilgangur þess segir til um, með þeim skilmálum, sem um verður samið við stofnanda þess. Sölufélaginu skal heimilt að hafa reikninga erlendis fyrir gjaldeyristekjur, sem stafa frá sölu þess á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar, og að ráðstafa fé úr slíkum reikningum í þágu rekstrar síns á Íslandi og til greiðslu ágóðahlutar til hluthafa sinna, enda geri það gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands grein fyrir slíkum reikningsinnstæðum og ráðstöfunum með samkomulagi við þann aðila.

#### 7. gr.

10. gr. laganna verði 12. gr., en á eftir 8. gr. laganna komi enn ný grein, sem verði 10. gr., og orðist svo:

Framleiðslufélagið skal gera allar þær varúðar- og öryggisráðstafanir, sem við verður komið, til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og gróður við Mývatn bíði tjón af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Einnig skal það haga gerð mannvirkja þannig, að þau fari sem bezt í umhverfinu,

8. gr.

Aftan við lögini komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:  
Verði framleiðslufélagið stofnað milli þinga, skulu fulltrúar ríkisins í stjórn þess skipaðir til bráðabirgða af ríkisstjórninni, og skal sú skipun gilda þar til næsta reglulegt Alþingi hefur kosið fulltrúa af sinni hálfu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 22 21. maí 1964, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. febrúar 1964 var gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og hollenzka fyrirtækisins AIME um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og var samkomulagið með þeim fyrirvara, að nauðsynleg lagaheimild fengist til að framkvæma það. Alþingi veitti slíka heimild með lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 22 21. maí 1964. Í framhaldi af því var í samræmi við samkomulagið stofnað undirbúningsfélag, Kísiliðjan h.f., sem haft hefur veg og vanda af öllum undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar. Hollenzka fyrirtækið tók þátt í stofnun þessa félags og störfum þess. Á hinn bóginn treysti það sér ekki, vegna fjárskorts, til þátttöku í stofnun framleiðslufélags þess, er reisa skyldi og reka verksmiðjuna, þar sem það hafði ráðið í aðrar fjárfrekar framkvæmdir. Varð af þessu fljótlega ljóst, að ekki var lengur grundvöllur fyrir frekari samvinnu við AIME.

Sala á kísilgúr krefst mjög mikillar skipulagningar, þekkingar á markaðnum og traustra viðskiptasambanda. AIME hefur gott sölukerfi í Evrópu, og var samvinnan tekin upp við það með það fyrir augum, að auðvelda sölu kísilgúrsins og minnka þannig áhættuna, sem felst í sölutregðu kísilgúrsins. Þegar upp úr þessari samvinnu slitnaði, af fyrrgreindum ástæðum, var talið rétt að leita fyrir sér um samvinnu við aðra erlenda aðila, sem gætu greitt fyrir sölu á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar. Leiddi þetta til þess, að teknar voru upp viðræður við bandaríska fyrirtækið Johns-Manville Corporation, New York. Fyrirtæki þetta er mjög stórt, bæði sem framleiðandi og seljandi kísilgúrs. Það er því í aðstöðu til að tryggja sölu á íslenskum kísilgúr og veita þá tæknilegu aðstoð við framleiðsluna, sem getur haft úrslitaáhrif á gæði kísilgúrsins.

Hinn 7. apríl 1965 skipaði ríkisstjórnin nefnd til að semja við Johns-Manville um samvinnu í kísilgúrmálinu.

Í nefndinni eiga sæti:

Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, formaður,

Dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri,

Karl Kristjánsson, alþingismaður,

Pétur Pétursson, forstjóri.

Ritari nefndarinnar hefur verið Halldór Jónatansson, lögfræðingur.

Viðræður við Johns-Manville hafa frá því fyrsta verið jákvæðar og eru nú komnar á lokastig. Er gert ráð fyrir að stofna tvö hlutafélög, framleiðslufélag og sölufélag. Framleiðslufélagið reisi og reki kísilgúrverksmiðjuna, en sölufélagið annist sölu erlendis. Hlutaféð í framleiðslufélaginu mundi skiptast þannig, að ríkið ætti minnst 51%, Johns-Manville minnst 39%, og sveitarfélög á Norðurlandi allt að 10%. Á hinn bóginn er ráðgert, að Johns-Manville sé eini eigandinn að sölufélaginu, enda þótt ríkisstjórnin skipi fulltrúa í stjórn þess.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að veita þær lagaheimildir, sem hið fyrirhugaða samkomulag við Johns-Manville þarfnast til viðbótar þeim heimildum, sem fyrir hendi eru. Fyrirkomulagið á hinni fyrirhuguðu samvinnu við Johns-Manville verður einkum að því leyti frábrugðið samkomulaginu við hollenzka fyrirtækið, að

í stað þess að staðsetja sölufélagið erlendis, eins og samkomulagið gerði ráð fyrir, yrði það staðsett hér á landi, og hefur þetta í för með sér verulega aukningu á skattatekjum Íslendinga. Jafnframt yrði Johns-Manville eini eigandi sölufélagsins, en eftirlit af hálfu ríkisstjórnarinnar með söluverðinu yrði tryggt með því að hafa fulltrúa í stjórn fyrirtækisins eða sérstakan eftirlitsmann, sem hefði greiðan aðgang að bókom og skjölum þess. Þá er ráðgert að semja um skattgreiðslur á þann veg, að félögin greiði einn skatt, sem samsvari tekjum hins opinbera af heinum sköttum samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Rannsóknir á hráefni úr Mývatni hafa farið fram undanfarið í Bandaríkjunum á vegum Johns-Manville. Hafa rannsóknirnar m. a. staðfest, að hráefnið verður ekki fyrir neinum skemmdum við dælingu úr botni Mývatns að verksmiðjustæðinu um 3 km leið. Lokateikningar hafa verið gerðar af verksmiðjunni, endanlegt dælukerfi verið sett upp og verksmiðjustæðið jafnað auk þess, sem byggingarframkvæmdir eru þegar hafnar á svæðinu. Bráðabirgðapantanir hafa verið gerðar á vélum og efni í verksmiðjuna, og er fyrirhugað að reisa hana á þessu og næsta ári.

Fái ríkisstjórnin þær lagaheimildir, sem hér er farið fram á, mun að því stefnt að ganga sem fyrst frá samkomulagi við Johns-Manville um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

#### *Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Hér er ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast lántökur framleiðslufélagsins að upphæð allt að 75 milljónum króna, eða taka lán og endurlána félaginu innan sömu marka. Er hér átt við lántökur til byggingar verksmiðjunnar.

Þá er framleiðslufélaginu heimilað að veita sölufélaginu einkarétt á sölu framleiðslunnar erlendis, innan þeirra marka, sem um kann að semjast milli félaganna.

##### Um 2. gr.

Hér er lagt til, að ákvæðum 2. gr. laganna verði breytt í það horf, að ríkissjóður geti tekið við skuldarviðurkenningu af framleiðslufélaginu í stað hlutabréfa í því til greiðslu á hlutafjäreign sinni í undirbúningsfélaginu, eftir því sem ástæða þykir til.

##### Um 3. gr.

Í greininni er veitt heimild til að fulltrúar erlenda aðilans í stjórn framleiðslufélagsins megi vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, en meiri hluti stjórnenda sé þó ávallt búsettur hér á landi. Stjórnendum er heimilað að fela öðrum að sækja stjórnarfundir með fullu umboði sínu.

Fulltrúar ríkisins skulu kosnir af Alþingi til 4 ára í senn, bæði aðalmenn og varamenn. Sveitarfélögum á Norðurlandi er sem fyrr veittur réttur til að vera meðal hluthafa framleiðslufélagsins, með því að kaupa hluta af þeim bréfum, sem ríkisstjórnin skrifar sig fyrir við stofnun félagsins.

##### Um 4. gr.

Ráðgert er að stofna sölufélagið hér á landi, en ekki erlendis, eins og samkomulagið við AIME gerði ráð fyrir, og er 6. gr. laganna því breytt í samræmi við það. Er hinum erlenda aðila heimilað að stofna slíkt félag einn í samráði við ríkisstjórnina. Veitt er undanþága frá því ákvæði hlutafélagalaga, að slíta beri hlutafélagi, ef hluthafar verða færri en 5, á sama hátt og um framleiðslufélagið. Hlutabréf skulu skráð á nafn. Um stjórnendur sölufélagsins gildir hið sama og um stjórnendur framleiðslufélagsins, að því er snertir ríkisfang og heimilisfang, hlutafjäreign og umboðsgjöf á stjórnarfundum.

#### Um 5. gr.

Grein þessi felur í sér heimild fyrir því, að ríkisstjórnin geri samning við erlendana aðila um samvinnu varðandi framleiðslu og sölu ksilgúrs og aðilar taki á sig skuldbindingar í slíkum samningi, eftir því, sem samvinnan gefur tilefni til, svo sem um skattlagningu og skattgreiðslur á þann hátt, sem kveðið er á um í 9. gr. laganna.

#### Um 6. gr.

Grein þessi heimilar, að samið verði til frambúðar með sérstökum hætti um skattgreiðslur af rekstri ksilgúrverksmiðjunnar og þeirri starfsemi, sem henni er tengd. Er að því stefnt, að gera skattfyrirkomulagið einfaldara, án þess að skertar séu þær tekjur, sem fást mundu af venjulegri sköttun þessara hagsmuna samkvæmt gildandi lögum, og jafnframt að leysa þau tvísköttunarvandamál, sem upp koma vegna þátttöku hins erlenda aðila í fyrirtækinu. Er þá jafnframt ætlað til þess, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir um skiptingu skattteknanna milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og sérsjóða, þótt eigi sé tímabært að setja nánari ákvæði um það efni að þessu sinni.

Með ákvæði þessu er ríkisstjórninni heimilað að semja svo um, að framleiðslufélagið og sölufélagið greiði hvort um sig einn tekjuskatt af starfsemi sinni í stað annarra skatta hér á landi, og nemi hann 45% af skattskyldum tekjum. Er skatt-  
hæðin ákveðin með tilliti til þess, að tekjur hins opinbera af skattinum verði sem næst því, er leiða mundi af beinum sköttum af því tagi, sem nú eru á lagðir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965 og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 51/1964, sbr. lög nr. 67/1965. Hefur þar verið stuðzt við útreikninga, er ríkisstjórnin hefur látið gera á grundvelli sameiginlegra áætlana aðilanna um rekstur ksilgúrverksmiðjunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að arður hins erlenda aðila af eignarhlut sínum í félögunum verði skattfrjáls, en til greina hefði komið að skattleggja hann með 5% tekjuskatti, svo sem heimilt mundi vera samkvæmt tvísköttunarsamþykktartillögum OECD. Er tillit einnig tekið til þessa við ákvörðun skattþæðarinnar. Hins vegar mun hinn erlendi aðili greiða sams konar skatt og félögin sjálf af þóknun sinni fyrir tækni- og stjórnunaraðstoð, er hann kynni að veita framleiðslufélaginu.

Ráðgert er, að framangreindur tekjuskattur verði lagður á skattskyldar tekjur félaganna samkvæmt lögum nr. 90/1965, þó þannig, að arðgreiðslur til hluthafa og tillög í varasjóð verði eigi dregin frá tekjum, áður en skatturinn hefur verið reiknaður, og að eigi verði annað dregið frá tekjum sölufélagsins en beinn kostnaður þess hér á landi. Að því er framleiðslufélagið varðar er gert ráð fyrir þeim möguleika, að árlegur skattur félagsins verði bundinn við tiltekið lágmark, án tillits til tekna. Um sölufélagið verður slíks ákvæðis eigi þörf, eins og starfsemi þess yrði háttáð.

Auk þess, sem fyrr getur um arð hins erlenda aðila, er heimilað, að hlutafjár-eign hans í félögunum verði skattfrjáls. Er það í samræmi við tillögur OECD um tvísköttunarsamþykkt. Sams konar heimild er veitt varðandi lán af hálfu hins erlenda aðila, og er hún í samræmi við gildandi lög hér á landi.

Loks er heimilað, að kveðið verði á um greiðslur þeirra skatta annarra, sem til greina koma auk hins sérstaka tekjuskatts, sbr. skattflokka þá, sem taldir eru í 3. mgr. Um söluskatt er þess að gæta, að hann mun ekki lagður á innflutning með venjulegum hætti, að því er varðar byggingu verksmiðjunnar, heldur tekinn til meðferðar með öðrum aðflutningsgjöldum samkvæmt heimildinni í 5. tölulið 1. gr. laganna. Einnig er heimilað að semja svo um, að söluskattur og tollar skuli eigi lagðir á hráefni og umbúðir, sem fara til útflutningsframleiðslu verksmiðjunnar, né heldur á útflutningsafurðir hennar og sölur í því sambandi. Er hér aðeins um að ræða staðfestingu á þeim heimildum og reglum, sem fyrir eru samkvæmt gildandi lögum.

Í fyrirhuguðum samningum ríkisstjórnarinnar verða sett nánari ákvæði um þá skattheimtu, sem greinin heimilar, sbr. 5. mgr.

Með greininni eru loks heimilaðar nauðsynlegar leyfisveitingar vegna hinnar fyrirhuguðu starfsemi.

Til þess að leysa að nokkru tvísköttunarvandamál þeirra starfsmanna framleiðslufélagsins, sem hinn erlendi aðili lætur ef til vill í té og taka laun erlendis frá, er gert ráð fyrir heimild ríkisstjórnarinnar til að beita fyrrgreindum OECD-reglum á meðan tvísköttunarsamningur við hlutaðeigandi land hefur ekki verið gerður. Samkvæmt þessum reglum mundu téðir starfsmenn verða skattfrjálsir, ef þeir dveljast hér skemur en 6 mánuði á skattárinu.

Um 7.—9. gr.

Greinar þessar þarfnast eigi skýringa.